



Íþróttamiðstöðin Borg



Vetraropnun: 21. ágúst — 25. maí

Mánudaga - Fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga – Sunnudaga	kl. 10 - 18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Nóvember 2017



Jólabingó Kvenfélags Grímsneshrepps verður
sunnudaginn 26. nóvember 2017,
kl. 14:00 í Félagsheimilinu Borg.

Góðir vinningar.
Aðgangseyrir er kr. 1.000 og innifalið er heitt súkkulaði
með rjóma, jólasnákökur og 1 bingóspjald,
aukaspjald er á kr. 500.-.

Allur ágóði rennur í Sjóðinn góða sem er samstarfs-
verkefni ýmissa félagasamtaka í Árnessýslu.
Sjóðurinn hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir
jóláhátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir
nauðþurftum.

Vonumst eftir að sjá sem flesta hressa og káta með
klink og seðla til styrktar góðu málefni.





FUNDARGERÐ.

418. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 3. október 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. september 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. september 2017 liggur frammi á fundinum.

Fundargerðir.

- a) Fundargerð 18. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 23. ágúst 2017.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 18. fundargerð fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 23. ágúst 2017. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Aðstaða í Kerlingu.

Fjallskilaneftnd óskar eftir að settur verði nýr gangnamannakofi í Kerlingu í stað þess sem fyrir er og að settar verði rennur á hesthúsið til vatnssöfnunar fyrir hross. Sveitarstjórn beinir því



Opið;
mánudaga - fimmtudaga
10:00 til 18:00
föstudaga - sunnudaga
10:00 til 20:00

Tilboð mánaðarins er:
Útvaðnaður Saltfiskur
Kr. 1.250,- kr.

Fyrir bílinn

*Seljum rúðupurrkur, perur í
bílljós, vélalín, frostlög,
tvígangisólín og rúðuvökva.*

VIÐ ERUM MEÐ LOTTÓKASSA



**viking
lotto**

**EURO
JACKPOT**

**1X2
ENSKI BOLTINN**

**1X2
EVROPUBOLTINN**

Lengjan

Verið velkomin heitt á könnunni
S: 486-4408


Kæru sveitungar

Nú er enn og aftur komið að útgáfu viðburðardagatala Grímsnes- og Grafningshrepps. Ef þú hefur áhuga á að auglýsa í dagatalinu eða tilkynna um viðburð sem á að halda árið 2018 vinsamlega sendið póst á asavaldis@gogg.is eða hringið í síma [859-9557](tel:859-9557)



Tek að mér trjáskurlun á greinum og stofnum allt að 20 cm sverum. Einnig má setja smærri greinarnar með afleggjurum og laufi.

Jóhannes
S. 848-1123



Heilsugæslan Laugarási

Tímamantanir í síma 432-2770

Lyfjaendurnýjun í síma 432-2020
alla virka daga milli kl. 8:00 og 9:00



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

til fjallskilanefndar að koma með tillögur að útfærslu svo hægt verði að gera ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun næsta árs.

b) Fundargerð 141. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 28. september 2017.

Mál nr. 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 141. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 28. september 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 10: 1709088 - Öndverðarnes 2 lóð (Selvíkurvegur 9) lnr. 170139: Niðurrif og endurbygging: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Gunnlaugs M. Sigmundssonar, dags. 18. september 2017 um heimild til að rífa gamlan bústað á lóðinni við Selvíkurveg 9 samhliða því að óska eftir rétti til að byggja nýtt hús á lóðinni. Lóðin er skráð 2.500 m² og núverandi hús er skráð 88,1 m². Jafnframt er lagt fram bréf, dags.

16. september 2017 með nánari lýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að húsið verði rífið í samráði við byggingarfulltrúa og gerir ekki athugasemdir við að byggt verði nýtt hús á lóðinni í samræmi við gildandi deiliskipulag. Huga þarf að því að nýtt hús fari ekki nær lóðarmörkum en núverandi hús.

Mál nr. 11: 1709055 - Neðra-Apavatn lóð (169309): Tilkynningarskyld framkvæmd: Sumarhús – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn Hildar Gunnarsdóttur, dags. 8. september 2017 um tilkynningarskylda framkvæmd á lóðinni Neðra-Apavatn lóð 169309. Um er að ræða stækkun á núverandi fristundahúsi úr 55 m² í 90,8 m². Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsóknina með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. Skipulagslaga fyrir eigendum aðliggandi lóða. Ef engar athugasemdir berast vísar sveitarstjórn málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 12: 1709092 - Heiðarbrún 2-10 í landi Bjarnastaða 1: Landbúnaðarsvæði með lögbýlisrétti: Aðalskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Ólafs E Hjaltested og Svanfríðar Sigurbórsdóttur, dags. 19. september 2017, ásamt erindi dags.

11. september 2017, þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsshrepps. Óskað er eftir að svæði sem nær yfir lóðirnar Heiðarbrún 2, 4, 6, 8 og 10 verði breytt úr fristundabyggð í landbúnaðarsvæði og að heimilt verði að sækja um lögbyli á lóðunum sem eru frá 4,5 til 8,4 h að stærð. Sveitarstjórn vísar málinu til endurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins sem nú er í gangi. Skipulagsfulltrúa falið að senda formlega kynningu til lóðarhafa að Heiðarbrún 2.

Mál nr. 13: 1709097 - Brúarholt land lnr. 175456:
Stapabyggð: Stofnun og skráning opinna svæða.

Fyrir liggur umsókn Birkis Böðvarssonar, dags. 18. september 2017, f.h. eigenda Brúarholts land (175456) um stofnun 202.710 m² spildu í samræmi við meðfylgjandi lóðablað. Um er að ræða svæði utan lóða (vegir, leiksvæði og opin svæði) innan deiliskipulagssvæði Stapabyggðar og Brekkna. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun landsins og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 14: 1709031 - Hallkelshólar lóð 105:
Tilkynningarskyld framkvæmd: Sumarhús – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn eigenda lóðarinnar Hallkelshólar lóð 105 (lnr. 219606) um tilkynningu framkvæmdar við stækkun á sumarhúsi úr 22,6 m² í 52,6 m². Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsóknina. Þar sem húsið er innan við 60 m² er ekki talin þörf á grenndarkynningu og málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 15: 1708025 - Kónsvegur 21 lnr 169352, Kónsvegur 21A lnr 220186 og Farbraut 5 lnr 169393:
Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóðanna Kónsvegur 21A og Farbraut 5 í landi Norðurkots. Í tillögunni sem grenndarkynnt var fyrir eigendum Kónsvegur 21 með bréfi, dags. 24. ágúst 2017 er gert ráð fyrir að lóðin Kónsvegur 21a stækki á kostnað Farbrautar 5. Athugasemd barst frá Péttri Fannari Gíslasyni hdl. f.h. eigenda Kónsvegur 21 með bréfi, dags. 21. september 2017. Afgreiðslu málsins frestað þar til fyrir liggja viðbrögð umsækjenda við fyrirliggjandi athugasemd.

Tilkynning

Verið er að setja á hverfislögreglumenn í umdæmi lögreglunnar á suðurlandi.

Hverfislögreglumaður fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp er Hafsteinn Viðarsson.

Áhersla er á að vinna saman, það skilar mestu.

Hlutverk hverfislögreglumanns er meðal annars að:

- Mynda tengslanet.
- Tryggja samvinnu við sveitarfélög og stofnanir þeirra.
- Auka sýnileika og eftirlit þar sem þörf er talin á.
- Forvarnir og fræðsla, aðlagð að þörfinni á hverjum stað.
- Markvissari löggæsla.

Búast má við að Hafsteinn sé á ferðinni í sveitarfélaginu við eftirlit t.d við skólann á morgnana og í lok dags.



SaumaKompan
Kringlu Grímsnesi

Fataviðgerðir, gardínusaumur

Elsa Jónsdóttir

Sími **486 4515**



**Tökum að okkur stór og smá verk:
tætingu, jarðvinnu, heyvinnu,
bílaflutninga & fólksflutninga allt að
14 farþega.**



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

**Mál nr. 16: 1708072 - Skáli lnr. 213131: Skáli 2: Stofnun
lóðar: Fyrirspurn.**

Lögð fram að nýju fyrirspurn Eflu verkfræðistofu, dags.
25. ágúst 2017, f.h. landeigenda Skála lnr. 213131, um breyt-
ingu á deiliskipulagi landsins. Í breytingunni felst að landinu
verði skipt í tvær um 5 ha spildur. Er breytingin nú lögð fram
með samþykki eigenda aðliggjandi lands sbr. meðfylgjandi
gögn. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að
ræða og samþykkir hana samhljóða skv. 2. mgr. 43. gr. skipu-
lagslaga nr. 123/2010. Ekki er þörf á grenndarkynningu þar
sem fyrir liggur að eigendur aðliggjandi lands gera ekki
athugasemdir við breytinguna.

**Mál nr. 17: 1709125 - Hraunbraut 6 og 8: Borg:
deiliskipulagsbreyting.**

Fyrir liggur tillaga að breytingu á deiliskipulagi Borgar sem
nær til lóðanna Hraunbraut 6 og 8 sem báðar er 4.500 m² að
stærð. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt að byggja á
lóðunum íbúðarhús en einnig hús fyrir atvinnustarfsemi.
Samkvæmt tillögu að breytingu er gert ráð fyrir að í stað þessa
verði gert ráð fyrir byggingu þriggja íbúða raðhúss á hvorri lóð
fyrir sig. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að
ræða og samþykkir hana samhljóða skv. 2. mgr. 43. gr.
skipulagslaga með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar
fyrir lóðarhöfum við Hraunbraut.

Mál nr. 24: 1709003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-63.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa
frá 20. september 2017.

c) **Fundargerð 16. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu,
29. ágúst 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) **Fundargerð 17. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu,
19. september 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) **Fundargerð 18. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 29. september 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- f) **Fundargerð 20. fundar framkvæmdarráðs Almanna- og Velferðarvaktarinnar Árnessýslu, 19. september 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða um ferðarþjónustu fyrir fatlað fólk.**

Fyrir liggja drög að endurnýjuðum reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða um ferðarþjónustu fatlaðs fólks. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

4. **Svarbréf Óskars Sigurðssonar hrl. vegna ágreiningar um gjaldstofn fasteignaskatts fyrir árið 2017 á Ásabraut 2 – 4, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur svarbréf Óskar Sigurðssonar hrl., dags. 21. september 2017 vegna ágreinings um gjaldstofn fasteignaskatts fyrir árið 2017 á Ásabraut 2 – 4, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi bréf.

5. **Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Kíðjaberghi lóð 77, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 20. september 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Kíðjaberghi lóð 77, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

6. **Tölvupóstur frá formanni Velferðarvaktarinnar, Siv Friðleifsdóttur þar sem kynntar eru niðurstöður könnunar Velferðarvaktarinnar um kostnaðarþátttöku grunnskólanema vegna skólagagna.**

Jólahlaðborð Kaffi-Sels

Komum saman og eigum ljúfa stund í aðdraganda jólaanna.

24. og 25. nóvember og 1. og 2. desember byður Kaffi-Sel, Efra-Seli við Flúðir, upp á jólahlaðborð og í kjölfarið léttu kráarstemningu.

Karl Hallgrímsson tónlistarmaður ásamt dóttur sinni Perlu Mariu leika ljúfa tónlist við borðhaldið og síðar um kvöldið tekur önnur stemning við þar sem Karl leikur hressa tónlist fram eftir kvöldi, eins og honum er einum lagið.

Tilvalið fyrir einstaklinga og fyrirtækjahópa að njóta góðra veitinga í upphafi aðventunnar. Allir velkomnir! Húsið opnar kl. 18.00. Borðhald hefst kl. 19.00.

Kaffi Sel
Pizza
Golf

Matseðill

Förðrykkur
Lax, reyktur og grafinn
Sjávarréttarsalat
Sild, heimabakað rúgbrauð
Nautakjöt á salatbeði
Fylltur lambahryggur - Purusteik
Bayonne skinka - Hnetusteik
Hangikjöt - Kalkúnabringa
Sósar, meðlæti og gómsætur eftirréttir

Verð er 6.900 kr. / mann

Eldamennskan mun einkennast af kærleik og jólaanda

Borðapantanir eru í síma 661 5935 (Unnsteinn) og 846 9321 (Halldóra) eða á netfangið pantanir@kaffisel.is

Þorrablót 2018

Okkar árlega þorrablót verður haldið í Félagsheimilinu Borg 26. janúar 2018. Aldurstakmark miðast við þá sem verða 16 ára á árinu 2018.

Nánar auglýst síðar.



Sviðaveisla

Sviðaveislan í **Miðengi** verður
föstudaginn 10. nóv. n.k.

Maggi Kjartans og **Stefanía** halda uppi stuðinu til miðnættis en þá tekur **Magnús Kjartan** trúbador úr Stuðlabandinu við.

Lopapeysukeppnin verður að sjálfsögðu, allir að mæta í lopapeysum.

Það verða **svið, saltkjöt og hrossabjúgu** í boði með tilheyrandi.

Pantanir þurfa að berast **fyrir** miðvikudagskvöldið 8. nóvember 2017

Verð kr. 2.500,-
Miðapantanir í síma 865-4422 eða
netfang: helga@midengi.is

Fyrir liggur tölvupóstur frá formanni Velferðarvaktarinnar, Siv Friðleifsdóttur, dags. 19. september 2017 ásamt skýrslu Velferðarvaktarinnar um niðurstöðu könnunar um kostnaðarþátttöku grunnskólanema vegna skólagagna. Lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 181. stjórnarfundar 22.09 2017.
- ✓ Leikfélagið Borg, aðalfundargerð og skýrsla stjórnar 08.06 2017.
- ✓ Leikfélagið Borg, ársreikningur 2016.
- ✓ Minnisblað frá Lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga af umræðu og upplýsingafundi um innkaupamál sveitarfélaga.
- ✓ Vottunarstofan Tún, aðalfundargerð 22.08 2017.
- ✓ Vottunarstofan Tún, skýrsla stjórnar og ársreikningur 2016.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Ársskýrsla 2016.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:10



FUNDARGERÐ.

419. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 18. október 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

a) Næstu fundir sveitarstjórnar.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. október 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. október 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 64. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 2. október 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 142. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 12. október 2017.



Blóm fyrir jólin!



**Amarillis, Hyasintur,
Túlípanar og**

FERSKAR KRYDDJURTIR



Opið verður alla virka daga frá 10-16 eða eftir samkomulagi.



*Verið hjartanlega
velkomin.*

GRÆNTUNNA—PLAST !

Það hefur borið á því að plastið vilji fjúka þegar tunnur eru losaðar, þetta má leysa með því að setja létt plast í poka en plastflöskur og brúsar ásamt stærri plastumbúðum eru settar lausar í tunnuna.



**Eins og undanfarin ár mun
Grímsnes- og Grafningshreppur veita
framhaldsskólanemum 16-20 ára,
þ.e. fyrir 8 fyrstu annirnar eftir grunnskóla,
styrk að upphæð kr. 30.000.-**

**Þeir aðilar sem vilja nýta sér þetta eru beðnir um að
senda vottorð um skólavist fyrir haustönn 2017 sem
allra fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.**

**Hægt er að senda staðfestingu á netfangið
gogg@gogg.is**



Kæru heldriborgarar!
**Sundlaugin er opin fyrir ykkur á
mánudags-, þriðjudags-, miðvikudags-
og fimmtudagsmorgnum**

frá kl. 10:00—12:00.

Frítt inn og kaffi á könnunni !



**Minnum á að sækja þarf um
Tómsundastyrk
Grímsnes- og Grafningshrepps
fyrir áramót vegna haustannar,
styrkurinn færir **EKKI** á milli ára.**

Mál nr. 11, 12, 13, 14, 18 og 19 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 142. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 12. október 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 11: 1710005 - Bíldsfell II lnr. 170811: Lóð fyrir veiðihús: Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Guðmundar Þorvaldssonar, dags. 24. september 2017 um stofnun 5.000 m² lóðar utan um 60,9 m² veiðihús byggt árið 1992 (mhl.220-9430) í landi Bíldsfells II (lnr. 170811). Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 12: 1710006 - Villingavatn lnr. 170947 og Villingavatn lnr. 170952: Sameining lóða.

Fyrir liggur umsókn Stefáns Kristjánssonar og Ólafar H. Bjarnadóttur, dags. 24. september 2017 um sameiningu tveggja frístundahúsalóða úr landi Villingavatns. Um er að ræða lóðir með landnúmer 170947 (3.926 m²) og 170952 (3.096 m²). Sveitarstjórn hafnar því að lóðirnar verði sameinaðar þar sem þær liggja ekki saman og á milli þeirra er vegur sem liggur að öðrum lóðum innan hverfisins.

Mál nr. 13: 1611010 - Nesjavellir lóðir 3 - 11: Frístundalóðir: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur endurskoðuð tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Nesjavalla við Þingvallavatn. Málið var áður á dagskrá skipulagsnefndar 10. nóvember 2016 og var afgreiðsla þá frestað þar sem skýra þyrfti betur út hvernig standa megir að endurnýjun húsa á svæðinu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytingu á stærð lóðanna en svo virðist sem að ekki sé heimilt að fara í neinar aðrar framkvæmdir en hefðbundið viðhald á þeim húsum sem fyrir eru á lóðunum þar sem ekki er afmarkaður byggingarreitur í deiliskipulagi. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða og samþykkir hana samhljóða skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum innan skipulagssvæðisins.

**Mál nr. 14: 1511001 - Kiðjaberg: Frístundabyggð:
Endurskoðað deiliskipulag: Kæra til Úrskurðarnefndar
umhverfis- og auðlindamála.**

Lagður fram til kynningar úrskurður Úrskurðarnefndar
umhverfis- og auðlindamála, dags. 29. september 2017
varðandi kæru á samþykkt Grímsnes- og Grafningshrepps á
breyttu deiliskipulagi Kiðjabergs sem kært var með bréfi
dags. 24. október 2015.

**Mál nr. 18: 1710002 - Kynning á lögum um örnefni og
reglugerð um skráningu staðfanga.**

Fyrir liggur til kynningar nýsamþykkt reglugerð nr. 577/2017
sem skráningu staðfanga. Jafnframt eru lögð fram lög um ör-
nefni nr. 22/2015 og leiðbeiningar Örnefnanefndar um nafn-
giftir býla, sveitarfélaga og náttúruvirkja.

Mál nr. 19: 1710001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-64.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa
frá 4. október 2017.

c) **Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn
velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 29. september 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) **Fundargerð 183. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga,
2. október 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fyrir liggur aðalfundarboð Skóla- og velferðarþjónustu
Árnesþings sem haldinn verður föstudaginn 20. október n.k.
í Hótel Selfoss. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Gunnar
Þorgeirsson verði fulltrúi sveitarfélagsins.



Ágæti lesandi,

Þann 4. til 7. desember næstkomandi
verður haldin Almannavarnavika í sveitar-
félaginu í samstarfi við Lögreglustjóran
á Suðurlandi. Farið verður yfir viðbragðs-
áætlanir í sveitarfélaginu með lykilstarfs-
mönnum.

Í lok almannavarnavikunnar verður boðað til íbúafundar þar
sem viðbragðsáætlanir verða kynntar.

Nánar auglýst síðar.

Sveitarstjórn

Vetraropnun

**Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl**

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is 
Nóvember 2017
Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
2. nóv	3. nóv Árnes 18:00-20:30	4. nóv Reykholt 18-21
9. nóv Laugarvatn 18:00-20:30	10. nóv Flúðir 18-21	11. nóv Borg 18:00-20:30
16. nóv	17. nóv Brautarholt 18:00-20:30	18. nóv Reykholt 18-21
23. nóv Lokað í dag	24. nóv Lokað í dag	25. nóv Lokað í dag



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is 
Desember 2017
Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
30. nóv	1. des Árnes 18:00-20:30	2. des Reykholt 18-21
7. des Laugarvatn 18:00-20:30	8. des Flúðir 18-21	9. des Borg 18:00-20:30
14. des	15. des Brautarholt 18:00-20:30	16. des Reykholt 18-21
21. des	22. des Flúðir 18-21	23. des Jólafrí

4. Haustfundur Bergrisans bs.

Fyrir liggur aðalfundarboð Bergrisans bs. sem haldinn verður miðvikudaginn 25. október n.k. á Selfossi. Samþykkt er að fulltrúar sveitarfélagsins verði Ingibjörg Harðardóttir og Gunnar Þorgeirsson.

5. Aðalfundur Rangárbakka, þjóðarleikvangs íslenska hestsins ehf.

Fyrir liggur aðalfundarboð Rangárbakka, þjóðarleikvangs íslenska hestsins sem haldinn verður þriðjudaginn 24. október n.k. á Hellu. Samþykkt er að fulltrúi sveitarfélagsins verði Hörður Óli Guðmundsson og Gunnar Þorgeirsson til vara.

6. Ársfundur Umhverfisstofnunar.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 9. október 2017 þar sem sagt er frá ársfundi Umhverfisstofnunar þann 9. nóvember n.k. á Akureyri. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Kjörskrá og kjörfundur.

Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis er lögð fram og yfirfarin. Á kjörskrá eru 342 aðilar, 188 karlar og 154 konur. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að árita kjörskrána. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 28. október n.k. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis. Kjörskráin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til 28. október n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að kjörfundur vegna kosninga til Alþingis þann 28. október n.k. verði í stjórnsýsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð. Einnig er samþykkt að bjóða upp á kaffiveitingar á meðan kjörfundi stendur.

8. Úrskurður nr. 93/2015 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2. september 2015 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi fyrir Kiðjaberg. Niðurstaða Úrskurðarnefndarinnar er að kröfu kærenda var hafnað. Lagt fram til kynningar.

9. Tölvupóstur frá Jónasi Guðmundssyni, verkefnastjóra slysavarna ferðamanna vegna heimildar til að setja upp snjóflóðafræðsluskilti.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jónasi Guðmundssyni verkefnastjóra slysavarna ferðamanna, dags. 9. október 2017 þar sem óskað er eftir heimild til að setja upp snjóflóðafræðsluskilti við Bragabót. Einnig er óskað eftir að sveitarfélagið komi að uppsetningu skiltisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skiltið verði sett upp.

10. Bréf frá forstjóra Þjóðskrár Íslands, Margréti Hauksdóttur þar sem kynnt er skýrsla um fasteignamat 2018.

Fyrir liggur bréf frá forstjóra Þjóðskrár Íslands, Margréti Hauksdóttur, dagsett 10. október 2017 þar sem kynnt er skýrsla um fasteignamat 2018. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Ályktun frá samráðsfundi Félags stjórnenda leikskóla.

Fyrir liggur ályktun frá samráðsfundi Félags stjórnenda leikskóla þar sem félagið lýsir yfir áhyggjum sínum um stöðu barna í leikskólum landsins. Skýrsla OECD sýnir að börn á Íslandi hafa lengsta viðveru hvern dag og flesta leikskóladaga á ári. Viðvera barna hefur aukist síðustu ár og dvelja þau í leikskóla að meðaltali yfir átta klukkustundir á dag. Áhyggjur félagsins beinast að því að börn geti orðið fyrir röskun á geðtengslamyndun sem getur leitt til kvíða og einbeitingarskorts. FSL hvetur foreldra, sveitarstjórnir sem rekstaraðila leikskóla og til atvinnulífsins alls að standa saman að velferð barna og finna leiðir til að bæta aðstöðu þeirra nú og til framtíðar.

Óskum eftir húsnæði!

Fjölskylda úr Grímsnesinu óskar eftir húsnæði sem fyrst í hreppnum eða í nálægum hreppum.

Skoðum allt.

Erum hress, skemmtileg og reglusöm! :)

Uppl. í síma 6959168

Eva Guðbjartsdóttir

Búfjáreigendur athugið

Vil minna búfjáreigendur á að skila inn haustskýrslu búfjárefirlits 2017 svo ekki komi til auka heimsóknar búfjárefirlitsmanns. Tekið er gjald fyrir haustheimsóknir og eru bændur hvattir til að skila skýrslunum til að komist verði hjá innheimtu slíkra gjalda.

Skilafrestur er til 20. nóvember n.k.

Aðgengi að haustskýrslu er inni á síðunni www.bustofn.is og er fengið með innskráningarkerfi island.is.

Nánari leiðbeiningar um notkun og útfyllingu má finna á heimasíðu Matvælastofnunar www.mast.is undir dýraheilbrigði – búfjárefirlit. Þar má nálgast upplýsingar um skráningar á fjölda búfjár og fódurbirgða ásamt upplýsingum um starfandi búfjárefirlitsmenn.

Búfjárefirlitsmaður Árnessýslu er Óðinn Örn Jóhannsson, netfang: odinn.johannsson@mast.is

Vakin skal athygli á því að þeir sem búa á lögbýlum og hafa verið með búfé en eiga enga skepnu í dag geta þurft að skila skýrslu séu þeir enn á skrá.

Sveitarstjóri



Fjölnota pokar „ekki kaupa rusl“

„Ekki kaupa rusl!“ er nafn á umhverfisverkefni sem Kvenfélag Grímsneshrepps hefur unnið að síðastliðið ár. Markmiðið með verkefninu er að auka vitundarvakningu hjá íbúum Grímsnes- og Grafningshrepps að sporna við því mikla magni af óþarfa rusli sem fellur til frá heimilum, vinnustöðum og stofnunum.

Á hátíðinni Borg í Sveit hófu kvenfélagskonur að dreifa fjölnota pokum inn á hvert heimili í Grímsnes- og Grafningshreppi. Kvenfélagskonur lokuðu verkefninu með því að dreifa á heimili á Sólheimum nú í október. Líkt og í fyrri dreifingu var vel tekið á móti kvenfélagskonum og viljum við um leið og við hvetjum öll heimili í sveitinni að nýta sér fjölnota poka við innkaup þakka kærlega fyrir góðar móttökur ☺



Kaupum ekki rusl og notum fjölnota!
Kærar kveðjur Kvenfélag Grímsneshrepps

12. Bréf frá framkvæmdastjóra Samtaka ferðapjónustunnar, Helgu Árnadóttur um vörugjöld bílaleigubíla og skoðun á skattbyrði bílaleigufyrirtækja.

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdastjóra Samtaka ferðapjónustunnar, Helgu Árnadóttur, dagsett 13. október 2017 um vörugjöld bílaleigubíla og skoðun á skattbyrði bílaleigufyrirtækja. Bréfið lagt fram til kynningar.

13. Þjóðskrá Íslands.

Oddviti og sveitarstjóri fóru á fund með forstjóra og lögmanni Þjóðskrár Íslands þar sem farið var yfir reglur stofnunarinnar um skráningu „óstaðsettir í hús“. Fram kom á fundinum að vinnureglan sé sú að einstaklingar séu aðeins skráðir óstaðsettir í hús í því sveitarfélagi sem viðkomandi átti lögheimili í við seinustu skráningu. Sveitarstjórn fer fram á að Þjóðskrá leiðrétti skráningu „óstaðsettir í hús“ í sveitarfélaginu en um er að ræða fimm einstaklinga.

14. Staða fjárhagsáætlunar.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2017 eftir fyrstu níu mánuði ársins.

15. Önnur mál.

a) Næstu fundir sveitarstjórnar.

Samþykkt er að næstu fundir sveitarstjórnar verði miðvikudagana 8. og 22. nóvember kl. 9:00.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 256. stjórnarfundar 19.06 2017.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 257. stjórnarfundar 31.08 2017.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 258. stjórnarfundar 21.09 2017.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 259. stjórnarfundar 29.09 2017.
- ✓ Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, ársskýrsla 2016.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:50

Fyrsta afhending úr Tombólusjóði Kvenfélags Grímsneshrepps

Á haustfundi Kvenfélags Grímsneshrepps var úthlutað úr Tombólusjóði 2017. Á Grímsævintýrum sem haldin voru 12. ágúst safnaðist um 700.000 kr. sem kvenfélagið úthlutar til góðgerðar- og líknarmála. Fyrsta úthlutun var 300.000 kr. sem voru afhentar Sjóðnum Góða sem er samstarfsverkefni ýmissa félagasamtaka í Árnessýslu sem hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðpurftum.

Kvenfélag Grímsneshrepps þakkar þeim öllum sem gerðu sér ferð á Grímsævintýrin í sumar.



Á meðfylgjandi mynd er sr. Guðbjörg Arnardóttir, fulltrúi Sjóðsins Góða og Laufey Guðmundsdóttir, formaður Kvenfélags Grímsneshrepps.



Jólafundur Kvenfélagsins 2017

Sæl vertu flotta kvenfélagskona,

nú líður senn að jólum og styttest í jólafundinn okkar ☺

**Jólafundur kvenfélagsins verður haldinn þriðjudaginn
21. nóvember á Hendur í Höfn í Þorlákshöfn kl. 18.30.**

Við ætlum að eiga huggulegt kvöld í anda aðventunnar.

Pakkaleikurinn verður að vanda, hver kona kemur með einn pakka, viðmiðunarverð 1.500 kr. heimagert eða keypt.

Dagný í Hendur í Höfn mun töfra fram dýrindis veitingar eins og henni einni er lagið.

Verð og matseðill verður auglýst með tölvupósti og í facebookhópi kvenfélagsins þegar það er komið á hreint.

Vinsamlegast látið Laufeyju vita hvort þú hafir tók á að mæta fyrir sunnudaginn 19. nóvember ☺

Laufey s. 863-7218.

Sjáumst í hátíðarskapi ☺

Stjórn Kvenfélagsins

